

**Nd.**

**821. Nefndarállt**

um frumvörp til sjerleyfislaga frá meiri og minni hluta fossanefndar á þgskj. 118 og 123 ásamt frv. meiri hluta samvinnunefndar fossamálsins á þgskj. 793.

Frá minni hluta samvinnunefndar fossamálsins.

Jeg undirritaður hefi eigi getað fallist á meðferð samverkamanna minna i samvinnunefndinni á nefndum frumvörpum eða að bera fram frv. það, sem þeir leggja til að samþykkt verði og prentað er á þgskj. 793. Veldur þar mestu um, að jeg býst eigi við að sjerleyfi verði falað eða fengið eftir frv., þótt að lögum verði, nema því verði mjög mikið breytt, en færi svo, að lögin yrði ekki notuð, væri öll lagasmiðin unnin fyrir gíg. Jeg sje mjer eigi fært að koma fram með svo viðtækar breytingartill. við frv. þetta, sem jeg tel við þurfa, á þeim örstutta tíma, sem nú er til umráða, og get því ekki mælt fram með því.

Að mínu áliti er frv. mikils til of viðtækt og margbrotið á ýmsum sviðum, en þó miður nákvæmt i öðrum efnun og upp i það tekin ýms ákvæði,

sem ýmist eiga heima í vatnalögum eða reglugerðum. Auk þess tel jeg sum ákvæði frumvarpsins eigi með öllu áhættulaus.

Engin fullnægjandi greinargerð fylgir frv. þessu á þgskj. 793, svo sem frumvörpum fossanefndarinnar á þgskj. 118 og 123, og er því miklum mun erfiðara að átta sig á því.

Samvinnunefndin hefir vegna annrikis og tímaskorts eigi sjeð sjer fært að taka afstöðu til vatnalagafrumvarpa þeirra, sem fyrir hana voru lögð, eða bera þau fram fyrir þingið af nýju, en fyrir þá skuld má segja, að vanti þá eðlilegu undirstöðu undir sjerleyfislög, nema að því leyti sem hún verður fundin í dreifðum, eldri lagaákvæðum um vatnsrjettindi, og þá einkum lögum nr. 55, 22. nóv. 1907. Fyrir þessa skuld verður að marka að nokkru vatnsrjettinn í sjerleyfislögum, sem sett eru á undan vatnalögum, og framar en gert er í frv. á þgskj. 793. Að visu talar frv. um leyfi til virkjunar án sjerleyfis fyrir þá, sem heimildir hafi til vatns, en allsendis er óvíst, hverjar heimildir átt er við, og ella sjest ekki, hvort nokkrar heimildir þarf til að geta fengið sjerleyfi.

Ákvæði frumvarpsins um að skipa ábyrgðarlausan vatnastjóra með því valdi, sem frv. til tekur, tel jeg ekki þörf eða heppileg, og álit að í því efni megi hlíta við bráðabirgðaákvæði um sjerfróðan ráðunaut, sem landsstjórnin taki sjer eftir þörfum. Varla kemur til mála að leyfa nema eina stórvirkjun um nokkurt árabíl, og virðist eigi þörf á að stofna dýrt, konunglegt embætti hennar vegna, fyr en þá ef þörf virtist á, er almenn vatnalög verða sett.

Ákvæði frv. um timalengd sjerleyfis, 55 ár, held jeg sje of þröngt ákvæði og varni því, að um sjerleyfi verði sótt, einkum í sambandi við ákvæðin um sjerleyfisslit (36. gr.) og möguleikann á að lítið verði úr virkjunum, ef ríkið t. d. áformar ekki að nota þau á sama hátt og sjerleyfishafi og vill eigi leysa þau inn nema að litlu leyti. Álit jeg þar hinn kauplaus endurfallsrjett og lengri sjerleyfistíma heppilegri og ríkinu vandaminni.

Ákvæðin um sjerleyfisgjaldið tel jeg einnig að ýmsu leyti athugaverð, ekki sist vegna þess, að möguleiki er til að færa það niður úr lágmarksákvæðinu (50 aur. fyrir h. o.) eftir 25 ár, ef ábyrgðarlaus vatnastjóri leggur það til. Hins vegar tel jeg líka rjett að áskilja hjeruðum þeim, er stóriðjufyrirtækin verða að þola, nokkurn hluta gjaldsins, en ekki að heimta það alt í rikissjóð, svo sem frv. ráðgerir.

Sjerleyfisdómur sá, er frv. gerir ráð fyrir, finst mjer óþörf eftirlíking landsdóms og eigi tilgangshæf; virðast mjer dómstólar landsins eiga að vera einhlítir um mál þau, sem rísa af sjerleyfisbrotum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir mjög nákvæmu eftirliti með öllum athöfn-um sjerleyfishafa, bókfærslu hans og reikningum, og skilst mjer að það geti orðið nærgöngulla en góðu hófi gegnir, ef því yrði framfylgt. Uggir mig því, að það yrði í reyndinni dauður bókstafur, þótt einhver sjerleyfishafi játaði skilyrðinu.

Enn fremur tel jeg ekki rjett að fella úr gildi lög nr. 55, 22. nóv. 1907, eins og lagt er til í frv., nema að því leyti, sem ákvæði þeirra eru tekin upp í frumvarpið.

Jeg tel eigi líklegt, að sett verði að þessu sinni sjerleyfislög, sem lengi standa óbreytt eða mikið verða notuð, sist þegar þau eiga að koma á undan vatnalögum. Þess vegna álit jeg, að þau geti verið einföld og óbrotin. Aðalat-

riðið er að marka með þeim skýrt þær takmarkanir, sem ríkinu er rjett og skylt að gera á eignarumráðum og athafna einstaklinganna, vegna almenningsheilla, og lögfesta varnarákvæði gegn skaðlegum áhrifum af of miklum innflutningi fólks og fjár í landið, sem trygg mega teljast og framkvæmanleg. Þessu tel jeg náð verði með frv. því á þgskj. 123 til laga um sjerleyfi til haguýtingar á orkuvötnum og raforku, sem fyrir nefndinni hefir legið, og leyfi jeg mjer því að ráða háttv. Alþingi til að samþykkja það frv. með þessum

#### BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
  - a. Fyrir »500« komi:  
1000.
  - b. Aftan af greininni falli:  
»Ávalt skal ..... vatnalaganna«.
2. Við 2. gr.  
Aftan við greinina bætist:  
Sjerleyfi veitist að eins þeim, sem eignarumráð hefir á fallvatni.
3. Við 4. gr. 13.  
Úr 2. málsgrein falli:  
»eftir 80. gr. vatnalaganna«.

Alþingi, 13. sept. 1919.

Sveinn Ólafsson.